

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Sendandi:

Dr. phil. Guðrún Kvaran
Kt: 210743-4809

Staða: prófessor emeritus í íslensku frá Hugvísindasviði Háskóla Íslands, lengi forstöðumaður Orðabókar Háskólans og síðar sviðsstjóri á orðfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum; formaður Íslenskrar málnefndar. Sat tvö tímabil í mannanafnanefnd, í fyrra skiptið sem formaður.

Ég skrifaði um í vetur er leið um frumvarp til laga um mannanöfn (**148. löggjafarþing 2017–2018. Þingskjal 150 — 83. mál**) og sendi til nefndasviðs Alþingis frá Singapur, 3. mars 2018. Allt sem í því skjali stóð stendur enn sem skoðun mín og læt ég það því fylgja með. Ég mun hins vegar bæta við athugasemdum við nokkrar greinar í nýframlögðu frumvarpi á **149. löggjafarþingi í þingskjali 9 (9. mál)** sem ég tel öðrum verri.

**Efni: 149. löggjafarþing 2018–2019. Þingskjal 9 — 9. mál.
Frumvarp til laga um mannanöfn.**

Fyrsti kafli. Fullt nafn og nafngjöf. 1. gr.

„Kenninöfn eru mynduð þannig að á eftir eigin nafni eða eiginnöfnum kemur nafn foreldris eða foreldra í eignarfalli, að viðbættu son, dóttir, barn eða bur.“

Um 1. gr.

Hér hnýt ég fyrst og fremst um athugasemd flutningsmanna í kaflanum *Um einstakar greinar frumvarpsins*, við 1. gr. þar sem sagt er „Bur er ókyngreint hugtak af sama stofni og „að bera“ og „barn“. *Bur* er og hefur alltaf verið karlkynsorð í merkingunni ‘sonur’. Fletta má í almennum íslenskum orðabókum en einnig í orðsifjabókum (t.d. fornálsorðabók Jan de Vries (orðið skrifað *burr*) og orðsifjabók Ásgeirs Blöndals Magnússonar). Merkingin er alltaf hin sama, ‘sonur’. Ef einhver sem ekki þekkir orðið kynni að fletta því upp fengi hann það svar að orðið væri karlkyns. Sýnd er beyging orðsins og sagt að það falli að beygingu hvorugkyns nafnorða. Það vill svo til að mörg hvorugkynsorð beygjast eins og karlkynsorð falli þau að sterkri beygingu en þau breyta ekki um kyn við það.

III. kafli í greinargerð með frumvarpinu. Íslensk nafnahefð og málkerfi íslenskrar tungu.

„Með því að fella brott ákvæði þess efnis að nöfn stangist ekki á við íslenskt málkerfi er opnað á möguleikann á því að tungumálið og nöfn þar á meðal fái að taka breytingum og þróast. Vissulega er íslensk nafnahefð fyrirbæri sem á sér rætur í menningu okkar. Menningu okkar sækjum við alls staðar að og þannig á íslensk nafnahefð rætur í danskri, franskri og enskri menningu.“

Íslensk nafnahefð er ekki „fyrirbæri“. Nöfn eru hluti tungumálsins rétt eins og borð og stóll. Vissulega eru mörg þeirra af erlendum uppruna en þau hafa aðlagast beygingarkerfinu rétt eins og aragrúi erlendra tökuorða sem einnig á rætur í „danskri, franskri og enskri

menningu“. Nefna hefði mátt norska, þýska, ítalska og fleiri áhrifavalda fyrst verið var að geta um þá yfirleitt.

Stjórnvöld ætla að láta mikið fé renna til máltækni, m.a. til þess að við getum talað við tölvuna, símann, ískápinn og fleiri raftæki. Mennta- og meningarmálaráðherra boðar átak til eflingar íslenskri tungu, sem ber að fagna, en á sama tíma er lagt fram frumvarp sem vinnur beinlínis gegn íslensku mál- og beygingarkerfi.

IV. kafli í greinargerð með frumvarpinu. Réttindi barna.

„Dæmi eru um að nöfnum hafi verið hafnað þótt þau eigi sér langa sögu í íslensku samfélagi og tungu og hafi jafnvel tíðkast innan sömu fjölskyldu í margar kynslóðir.“

Þessi umsögn er óviðunandi í jafn mikilvægri grein og þeirri sem hér um ræðir. Miðað við vinnulagsreglur mannanafnanefndar, sem birtar eru á vefnum (island.is) á það sem hún er sökuð um hér ekki að geta gerst. Hafi nafn raunverulega verið notað í margar kynslóðir ætti það að koma fram í manntölum en nú eru allmörg manntöl aðgengileg á vefnum. Í vafamálum er leitað aðstoðar þjóðskrár. Því hefðu höfundar greinargerðar átt að nefna dæmi máli sínu til sönnunar. Þetta verkar á mig sem leið til að ná athygli fjölmiðla og gera lítið úr störfum mannanafnanefndar.

Talað hefur verið um mannanafnanefnd eins og hún sé afsprengi hins illa. Fjölmiðlar hafa átt mikinn þátt í að sverta hana frá því að hún var fyrst sett á laggirnar og nú fulltrúar Alþingis. Mér er afar vel kunnugt um að þeir sem setið hafa í nefndinni hafa allir reynt sitt besta til að fara að lögum og nefndin hefur rökstutt niðurstöður sínar eins og sjá má á netinu (island.is). Ekki hefur verið um geðþóttaákvæðanir að ræða. Umsagnir fjölmiðla hafa oft byggst á þekkingarleysi sem smitað hefur út í þjóðfélagið.

Í sama kafla stendur:

„Í mannanafnaskrá, sem haldið er úti af mannanafnanefnd, má glögglega sjá að úrskurðir sem vísa til þess að nafn geti orðið nafnbera til ama eru örfáir“.

Ég get upplýst flytjendur frumvarpsins um að nöfnin, sem hefðu getað valdið ama, eru alls ekki „örfá“ ef lítið er á skrána, sem birt er á netinu, en væru mun fleiri ef ekki hefði verið hlustað á foreldra sem hringdu í nefndarmenn. Ég átti fleiri samtöl við foreldra en tölu verður á komið þar sem undarlegustu hugmyndir voru ræddar, oft löng og á öllum tímum sólarhrings. Ég gaf aðeins góð ráð en sagði viðkomandi að skrifa nefndinni. Mjög oft var málið dautt og fór ekki lengra. Ég ætla aðeins að nefna eitt dæmi. Stúlka hringdi og spurði hvað ég héldi um nafnið Guð Rún. Nú væri sagt að Guð væri kona. Mætti hún þá ekki velja nafnið Guð á dóttur sína. Ég benti henni á að kyn Guðs hefði enn ekki verið endanlega sannað og hvort ekki væri betra að bíða með nafnið á næstu dóttur. Þá væru rannsóknir hugsanlega lengra komnar. Ég heyrði ekki í henni aftur. Nú mætti hún, samkvæmt ykkar tillögum velja Guð Rún. Gjörsamlega glórulaust. Ég hefði getað nefnt mörg fleiri dæmi en læt það ógert. Það væri eins og að skvetta vatni á gæs.

Ég læt þetta nægja. Hefði getað skrifað mun lengra mál um fleiri greinar en þessar þóttu mér mikilvægastar og mér er annt um tíma minn. Ég gerþekki íslenskan nafnaforða (sjá Nöfn Íslendinga) og veit því um hvað ég er að tala. Margir hafa hringt, mest ókunnugt fólk á öllum aldri og af öllu landinu, og lýst yfir áhyggjum yfir því hvert Alþingi væri að stefna. Einhvern

veginn hefur spurst út að heim til mín megi allir hringja hvenær sem er ef þeir vilji ræða íslenskt mál. Ég get ekki annað en lagt til það sama og ég lagði til í mars, að frumvarpið verði lagt til hliðar og Alþingi feli nefnd sérfræðinga að fara yfir nágildandi lög og laga þau skynsamlega að breyttum tímum en þó **með tilliti til varðveislu íslenskrar tungu**.

Guðrún Kvaran

Fylgiskjal:

**Efni: 148. löggjafarþing 2017–2018. Þingskjal 150 — 83. mál.
Frumvarp til laga um mannanöfn.**

Inngangur:

Ég hef fengist við rannsóknir á íslenskum mannanöfnum í rúma þrjú áratugi og gefið út bækur (*Nöfn Íslendinga* 1992, 2. útg. uppfærð og endurskoðuð 2011, síðasta uppfærsla á vef 2017 á snara.is) og greinar um það efni og er því málinu vel kunnug. Ég var formaður fyrstu mannanafnanefndar þegar löggin voru mun strangari en þau urðu síðar. Nefndin reyndi af fremsta megni að fylgja lögnum þar til þáverandi dómsmálaráðherra boðaði mig á sinn fund, þar sem einnig voru staddir ráðuneytistjórinn og skrifstofustjóri ráðuneytisins, og var erindið að tilkynna mér að Mannanafnanefnd yrði að gera undanþágu fyrir ákveðinn bankastjóra. Eftir nokkur orðaskipti neitaði ég þessari kröfu og gekk út en nefndin sagði af sér samdægurs. Fáeinum árum síðar var ég aftur beðin um að setjast í nefndina sem ég féllst á ef ég þyrfti ekki að vera formaður. Aftur kom upp svipað atvik en nú var það menntamálaráðherra sem vildi að nefnin gerði undanþágu fyrir skjólstæðing hans. Aftur hafnaði nefndin ósk ráðherra og sagði af sér. Eftir þetta hafa ráðherrar ekki reynt að hafa áhrif á störf nefndarinnar að ég best veit. Mannanafnanefnd hefur alla tíð sinnt sínu starfi af alúð og eftir lögum.

Árið 2007 tók þáverandi menntamálaráðherra, frú Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þá farsælu ákvörðun að fela Íslenski málnefnd að semja drög að íslenskri málstefnu. Mikil vinna var lögð í drögin en það var síðan núverandi forsætisráðherra en þáverandi menntamálaráðherra sem talaði fyrir málstefnunni á Alþingi 2009. Árið 2008 kom út ritið *Íslenska til alls – tillögur íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu* og þann 12. mars 2009 samþykkti Alþingi Íslands eftirfarandi þingsályktun um íslenska málstefnu:

Alþingi ályktar að samþykkja tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu sem opinbera stefnu í málefnum íslenskrar tungu. ...

Alþingi lýsir yfir stuðningi við það meginmarkmið tillagna Íslenskrar málnefndar að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

Þessi ályktun er, að mínu mati, eitt það besta sem Alþingi hefur samþykkt sem stuðning við íslenska tungu ásamt lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011. Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar er ekki liður í að styðja íslenska tungu sem á undir högg að sækja eins og margoft hefur verið bent á á liðnum vikum og mánuðum. Nöfn og beyging þeirra eru jafn mikilvæg og allur annar íslenskur orðaforði og riðlist beygingarkerfið fer að hrikta í stoðum íslenskrar tungu.

Í nýjasta hefti Hagtíðinda eru fróðlegar tölfræðilegar upplýsingar um nafnaval Íslendinga. Þar kemur m.a. fram að um 80% nafngifta byggjast á rúlega 200 nöfnum sem sýnir að ekki er knýjandi þörf á stórfelldum breytingum. Fólk er almennt fastheldið á nöfn og reynslan sýnir að gjarnan eru valin nöfn úr fjölskyldunni eða leitað í íslenskan menningararf eftir nýju nafni (sjá Nöfn Íslendinga 2011, formála).

Mannanafnanefnd hefur árum saman orðið fyrir aðkasti fyrir það eitt að fara að lögum. Hún hefur fengið lítinn stuðning, aðeins skammir fjölmiðla og annarra þeirra sem lítið vita um hvað málið snýst. Talað er í frumvarpinu um rétt foreldra til að velja barni nafn. Auðvitað á réttur foreldra að vera mikill en hver hugsar um blessuð börnin þegar illa stefnir. Þegar ég sat í mannanafnanefnd átti ég mörg samtöl við foreldra í annarlegu ástandi sem vildu furðulegustu nöfn á börn sín og ég veit að það er ekki liðin tíð. Einhver verður að gæta þess að farið sé vel með börnin og þeirra framtíð, hvort sem sá sem það hefur með höndum heitir mannanafnanefnd eða eitthvað annað.

Athugasemdir mínar við einstakar greinar frumvarpsins eru svo margar að úr yrði heill bæklingur ef allt yrði sett á blað. Ég get ekki annað en lagt til að frumvarpið verði lagt til hliðar og Alþingi feli nefnd sérfræðinga að fara yfir núgildandi lög og laga þau skynsamlega að breyttum tímum en þó með tilliti til varðveislu íslenskrar tungu.